


Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2012

Fyrri umræða 07.12.2011

Fjallabyggð



Sigurður Valur Ásbjarnarson
Bæjarstjóri Fjallabyggðar

I. Inngangur.

Frumvarp fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 er hér lagt fram til fyrri umræðu miðvikudaginn 07. desember 2011 en síðari umræðan verður miðvikudaginn 14. desember nk.

Á bæjarráðsfundi 13. desember n.k. verða ræddar tillögur að breytingum sem bæjarfulltrúar hyggjast gera á milli bæjarstjórnafunda.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 hefur verið undirbúin af fulltrúum allra framboða í bæjarstjórn Fjallabyggðar og baklandi þeirra.

Það er vert að hafa í huga að ekki var hægt að verða við öllum framkomnum óskum við gerð áætlunar fyrir árið 2012.

Ég tel fulla ástæðu til að fagna ágætu samstarfi sem tekið var upp í bæjarráði og bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar fyrir tvö síðustu ár.

Hér var enn og aftur tekist á við breytingar á framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Efnahagslægingin sem sveitarfélög á Íslandi hafa tekist á við mun ganga yfir, en það er ljóst að árið 2012 verður erfitt rekstrarár og hið sama má segja um fyrri hluta ársins 2013.

Þetta verða erfið ár en bæjarfélagið mun takast á við önnur viðfangsefni síðar.

Bæjarráð Fjallabyggðar leggur hér með fram tillögur að framtíð samfélagsins með þeirri áætlun sem hér er fylgt úr hlaði. Samstaða er um neðanritað í bæjarráði;

1. Bæjarráð hefur sannreynt stöðu bæjarfélagsins.
2. Bæjarráð hefur lagt mat á þróun og breytingar næstu þrjú árin.
3. Bæjarráð hefur valið á milli verkefna til að ná fram settum markmiðum.
4. Bæjarráð leggur ríka áherslu á samstöðu meðal stjórnenda, starfsmanna og fagráða er varðar rekstur og framkvæmdir til ársins 2015.

Bæjarráð leggur því hér í dag fram fyrir bæjarstjórn niðurstöður sínar sem og stjórnenda, starfsmanna og fagnefnda Fjallabyggðar þ.e. fjárhagsáætlun fyrir 2012.

Í henni koma fram tillögur er byggja á forsendum sem bæjarráð setti í upphafi áætlunargerðar fyrir árið 2012 sem og með áherslum sem komu fram við gerð þriggja ára áætlunar á síðasta ári.

Tekið var á þeim áherslum og breytingum sem fagnefndir og deildarstjórar lögðu fram. Rétt er að þakka fagnefndum bæjarfélagsins mikla vinnu fyrir vel framsettar tillögur í góðu samstarfi við deildarstjóra bæjarfélagsins.

II. Almenn atriði.

Tillaga að vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar var samþykkt af bæjarráði og var hún lögð fram með greinargerð og starfsáætlunum Fjallabyggðar sem unnar voru af deildarstjórum bæjarfélagsins eftir umræður í fagnefndum.

Vinnuferlið greinir frá því hvernig verklagi og starfsháttum starfsmanna og kjörinna fulltrúa skuli háttað við undirbúning að tillögu að fjárhagsáætlun Fjallabyggðar fyrir árið 2012. Í upphafi áætlunargerðar voru settir rammar að fjárhagsáætlun næsta árs fyrir hvern málaflokk og deildir. Við setningu fjárhagslegra ramma var við það miðað að kostnaðar tæki mið af minna fjármagni frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð ákvað að skoða útgjöld og þar með rekstur þriggja deilda sérstaklega en það var rekstur leikskóla og framlög til menningar-, íþrótt- og tómstundamála.

Náið samráð deildarstjóra var haft við aðalbókara, launafulltrúa, skrifstofu- og fjármálastjóra, bæjarstjóra og endurskoðanda við gerð tillagna til fjárhagsáætlunar og við undirbúning.

Í fyrstu drögum að frumvarpi til fjárhagsáætlunar, vinnuplani sem var til umræðu í bæjarráði 25.10.2011 samþykkti bæjarráð að fela bæjarstjóra að leggja fram tillögu að útgjaldaramma fyrir árið 2012.

Á fundi sínum samþykkti bæjarráð að vísa umræddri tillögu til umfjöllunar í fagnefndum. Deildarstjórum var falið að vinna náíð með sínum fagnefndum en einstakar tillögur voru settar fram til umræðu og yfirferðar í bæjarráði. Í ljósi minni tekna var strax ákveðið að mæta samdrætti á árinu með sparnaði og hagræðingu í rekstri stofnana þar á meðal aðhaldi í launum.

Eftir fund bæjarráðs þann 29.11.2011 settust deildarstjórar aftur yfir sínar tillögur og gerðu á þeim sem samþykktar voru á fundi bæjarráðs 6.12.2011 og sem verða hér einnig til umræðu og afgreiðslu í takt við bókanir sem gerðar voru á þeim fundi.

Bæjarstjórn hefur samþykkt tillögur um breytingar á starfsmannahaldi bæjarfélagsins á árinu 2012.

1. Ráðinn verður starfsmaður í hlutastarf við héraðsskjalasafnið í tengslum við atvinnuáttak.
2. Gert er ráð fyrir fækkun á stöðugildum leikskólans á árinu.
3. Fækkun verður á stöðugildum grunnskólans.

Rétt er að minna á að deildarstjórum er heimilt að lækka starfshlutfall einstakra starfsmanna að höfðu samráði við fagnefndir en bæjarráð leggur hinsvegar megin þunga á aðhald innan einstakra stofnana frekar en fækkun starfsmanna.

Forsendur tekjuhluta frumvarpsins eru því þessar fyrir árið 2012.

- Útsvar er og verður 14.48% fyrir árið 2012.
- Fasteignagjöld verða sem hér segir.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að álagningarstofnar fyrir árið 2012 verði óbreyttir.

Heiti.	2009	2010	2011	2012
Fasteignaskattur skv. a.lið	0.40%	0.440%	0,49%	0.49%
Fasteignaskattur skv. b.lið	1.32%	1.32%	1.32%	1.32%
Fasteignaskattur skv. c.lið	1.65%	1.65%	1.65%	1.65%
Lóðaleiga	1,5 %	1,5 %	1.9%	1.9%
Lóðaleiga fyrirtækja	5.0%	5.0%	5.0%	5.0%
Vatnsskattur, skv. a.lið	0.3 %	0.3 %	0.35	0.35%
Vatnsskattur, skv. b.lið	0.3 %	0.3 %	0.35%	0.35%
Aukavatnsgjald	11	13	13	13
Holræsagjald skv. a.lið	0.27 %	0.3 %	0.36%	0.36%
Holræsagjald skv. b.lið	0.27 %	0.3 %	0.36%	0.36%
Sorphirðugjald	11.500	19.500	25.400	25.400
Sorpeyðingargjald				

III. Meginforsendur áætlunar fyrir árið 2012 eru;

Tekjuáætlun – samanburður - aðalsjóður.

Áætlun um skatttekjur byggist á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum sbr. lög nr. 122/1996 um breytingu á lögum nr. 4/1995 og 79/1996.

Skatttekjur Fjallabyggðar skiptast í útsvar, fasteignaskatt og framlag úr Jöfnunarsjóði.

Útsvar.

Í fjárhagsáætlun ársins er miðað við að álagningar prósentu útsvars verði óbreytt á milli ára eða 14.48% eins og áður hefur komið fram. Í samanburði milli ára verður þetta þannig;

Rauntölur 2009	Raunt. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
712.827.500	736.962.403	762.000.000	764.404.000

Á fundi bæjarráðs 6.12.2011 var lagt til að tekjur útsvars fyrir árið 2012 væru hækkaðar um 6 m.kr. í samræmi við útreikninga frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Fasteignaskattur.

Fjárhagsáætlun miðar við áður gefnar forsendur sem farið var yfir hér að framan.

Samanburður á fasteignaskatti gefur til kynna þessa útkomu og samanburð á milli ára;

Rauntölur 2009	Raunt. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
82.762.636	85.501.547	87.916.000	96.896.000

Um er að ræða hækkun á fasteignamati milli ára, en ekki aukningu á tekjum vegna hækkunar á skattstofnum bæjarfélagsins, þeir eru óbreyttir.

Samanburður á lóðarleigu.

Raunt. 2009	Raunt. 2010	Áætlun2011	Áætlun 2010
30.274.205	30.428.580	34.129.000	36.300.000

Samanburður á Jöfnunarsjóði.

Rauntölur 2009	Raunt. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
318.974.492	312.758.000	254.04.000	247.000.000

Á fundi bæjarráðs 06.12.2011 var lagt til að tekjur Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2012 væru hækkaðar um 8 m.kr. vegna hækkunar á hlut ríkisins í greiðslu jöfnunar í fasteignaskatti til bæjarfélaga.

Samanburður á öðrum tekjum.

Rauntölur 2009	Raunt. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
311.838.450	310.557.634	340.292.000	356.168.000

Heildartekjur aðalsjóðs.**Samanburður á heildartekjum.**

Rauntölur 2009	Raunt. 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
1.426.403.078	1.445.779.584	1.458.793.000	1.487.401.000

Heildartekjur aðalsjóðs voru þannig samþykktar á fundi bæjarráðs 6.12.2011.

Samanburður á skatttekjum.

Á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 25.10.2011 var fjárhagsrammi fyrir árið 2012 samþykktur eins og áður hefur komið fram og honum vísað til fagnefnda, forstöðumanna og deildarstjóra til úrvinnslu. Heildaráætlun var samþykkt eftir yfirferð og breytingar þann 6.12.2011 og ítarlega skoðun í bæjarráði 29.11.2011.

Helstu áherslur sem komu fram á þessum fundum voru þessar;

1. Að tryggt sé að rekstur málaflokka taki mið af raunverulegum tekjum.
2. Að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð öll árin.

3. Að veltufé frá rekstri miðist við um 10% .
4. Að fjármögnunarhreyfingar miðist við að greiða niður skuldir um 100 m.kr.
5. Að til fjárfestinga verði varið um 295 m.kr. á árinu 2012.
6. Að til fjárfestinga verði varið um 285 m.kr. á árinu 2013.
7. Að til fjárfestinga verði varið um 110 m.kr. á árunum 2014 – 2015.
8. Að lántaka miðist við að handbært fé verði um 100 m.kr. öll árin.

Öllum þessum áherslum hefur verið náð og má hér nefna t.d. að;

Breytingar á handbæru fé Fjallabyggðar koma fram í áætlun á milli ára þannig;

Vert er að minna á að handbært fé í upphafi árs 2011 var	270.253.000.-
Gert er ráð fyrir að handbært fé í ársbyrjun 2012 verði	189.538.000.-
Gert er ráð fyrir að handbært fé í ársbyrjun 2013 verði	136.041.000.-
Gert er ráð fyrir að handbært fé í ársbyrjun 2014 verði	96.099.000.-
Gert er ráð fyrir að handbært fé í ársbyrjun 2015 verði	126.938.000.-

Breyting á veltufé frá rekstri verður um og yfir 11 % öll árin.

Aðrar áherslur í áætlun ársins voru þessar;

1. Búið er að yfirfara launaáætlanir.
2. Búið er að yfirfara innri leigu inn í reiknilíkani bæjarfélagsins.
3. Búið er að setja fram tillögur til hagræðingar inn í reiknilíkanið.
4. Búið er að yfirfara og skoða gjaldskrár og leggja fram tillögur um breytingar.
5. Búið er að leggja fram tillögur um fjárfestingar fyrir árin 2012 – 2015.
6. Búið er að koma fram með tillögur um viðhaldsverkefni fyrir næsta fjárhagsár og ramma fyrir árin 2013 til 2015.

Megin áherslur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2012 – 2015 koma úr málefнасamningi meirihlutans;

- Að fjárfestingar fari ekki fram úr veltufé frá rekstri til ársloka 2015, sem er áætlað að verði samtals um 850 m.kr.
- Að til skólabygginga verði varið um 400 m.kr. af umræddri heildarupphæð.
- Að skuldir A og B- hluta verði undir 60% af skuldaþaki í lok kjörtímabilsins. Fari fjárfesting 5 m.kr. eða 10% fram úr áætlun þarf að fara í niðurskurð.

Gjaldaáætlun.

Launakostnaður er sem fyrr langstærsti einstaki útgjaldaliður rekstrar, þá vöru- og þjónustukaup, ýmsar millifærslur og aðrar tilfærslur og loks fjármagnskostnaður. Rétt er að minna á að nú liggja fyrir nýir kjarasamningar og er tekið tillit til launabreytinga í áætlun ársins sem og í áætlun til næstu þriggja ára.

Gjaldskrár.

Ljóst er að tillögur hafa komið fram um breytingar á gjaldskrár en bæjarráð tók þær til umræðu og skoðunar á fundi sínum 29.11.2011 og afgreiddi bókanir þann 6.12.2012 samhljóða og vísast hér í þær bókanir.

Þar er lagt til að gjaldskrár bæjarfélagsins taki nokkrum breytingum sem miðast fyrst og fremst við verðlagsbreytingar.

Framsetning fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun 2012 er hér sett fram og verður gefin út í samræmi við bókhaldslykil sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum og felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A og B hluta í fjárhagsáætluninni.

Í A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð af skatttekjum.

Í B-hluta eru stofnanir sveitarfélagsins sem eru í eigu sveitarfélagsins, en eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í frumvarpi fjárhagsáætlunarinnar eru reiknaðar millifærslur á milli eignasjóðs og deilda vegna leigu húsnæðis, afskriftir eru reiknaðar og áfallnar lífeyris-skuldbindingar metnar.

Um er að ræða tölulegar upplýsingar fyrir árið 2012 og þriggja ára fjárhagsáætlun til að uppfylla lög og reglur.

IV. Einstakir málaflokkar.

Helstu niðurstöður frumvarpsins í samanburði við áætlun ársins í ár þ.e. 2011 í þúsundum króna eru að heildartekjur, skatttekjur og aðrar tekjur, eru áætlaðar 1.671.857.- en voru áætlaðar 1.665.534.- á árinu 2011.

Heildarútgjöld án fjármagnsliða eru áætluð 1.160,824.- og þar af reiknaðar afskriftir 114.585.-.

Heildarútgjöld voru 1.627.048.- og þar af reiknaðar afskriftir 109.710.- á árinu 2011.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 46,4 m.kr. og fyrir samstæðuna um 10,4 m.kr. sem er betri árangur en á árinu sem nú er að líða og er þá miðað við áætlun.

Lögð er áhersla á miklar framkvæmdir á árinu 2012 og 2013 og lántökur þeim samfara, en ekki síður á niðurgreiðslu lána á sama tíma.

Áherslur næstu tveggja ára		2012.	2013.
Í eignfærða fjárfestingu verður varið	kr.	295.000.000.-	285.000.000
Afborgun lána	kr.	100.000.000.-	100.000.000.-
Tekin langtímalán	kr.	150.000.000.-	150.000.000.-

Íbúðarhúsnæði.

Gert er ráð fyrir hækkun húsaleigu á árinu í samræmi við breytingar á vísitölu og er hér vísað í bókun bæjarráðs frá 06.12.2011.

Bæjarráð hefur samþykkt að íbúðir verði á söluskrá og að núverandi íbúar hafi forkaupsrétt að þeim.

Ekki er hinsvegar gert ráð fyrir söluhagnaði í fjárhagsáætlun 2012 þ.e. í framlagðri áætlun.

- **Bæjarráð hefur nú yfirfarið vinnuskjöl og samþykkt samhljóða á fundi sínum þriðjudaginn 06.12.2011 að vísa tillögunni um fjárhagsáætlun 2012 til fyrri umræðu í bæjarstjórn hér í dag.**

Hér verður farið yfir einstaka málaflokka bæjarsjóðs og stofnana Fjallabyggðar.

00 Skatttekjur.

Eins og kom fram hér að framan þá hefur bæjarstjórn samþykkt óbreytt útsvar og óbreytta álagningastuðla í fasteignaálagningu fyrir árið 2012.

Álagningarstuðlar fasteignagjalda, fasteignaskatts og lóðarleigu eru settir fram í frumvarpinu eins og þeir voru samþykktir af bæjarráði þ.e. óbreyttir frá fyrra ári.

02 Félagsþjónusta.

Til þessa málaflokks er varið um 96.9 m.kr. á árinu, en 98.1 m.kr. í áætlun 2011.

Í starfsáætlun tekur Hjörtur Hjartarson félagsmálastjóri meðal annars fram að Félagsþjónustusvið fari með málefni félagsþjónustu skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnavernd skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 80/2002 og félagsleg húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Auk þess fer félagsþjónusta Fjallabyggðar með málefni fatlaðra samkvæmt samningi við Byggðasamlag SSNV.

Starfsáætlun félagsþjónustunnar er nákvæm og vísast hér til hennar, en þar er lögð áhersla á að markmið séu sett fyrir alla málaflokka sviðsins.

03 Heilbrigðismál.

Til þessa málaflokks er varið um 5.4 m.kr. á árinu, en 5.2 m.kr. í áætlun 2011.

04 Fræðslu og uppeldismál.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að 545.7 m.kr. fari til fræðslumála, en 541.1 m.kr. í áætlun 2011.

Til að mæta umræddri þjónustu samþykkti bæjarráð neðanritað sérstaklega;

* að matur til leik og grunnskólabarna taki verðlags breytingum í takt við þjónustusamninga.

* að leikskólagjöld taki breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar.

* að ný gjaldskrá fyrir Tónskóla Fjallabyggðar taki gildi á næsta skólaári.

Í starfsáætlun sinni tekur Karitas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu og menningarfulltrúi meðal annars fram.

„Skólastarf í Fjallabyggð er metnaðarfullt, framsækið og skilvirkt og í góðum tengslum við atvinnulíf, náttúru og menningu svæðisins. Fræðslustofnanir í Fjallabyggð veita nemendum góða menntun sem nýtist þeim vel í lífi og starfi og stuðlar að þroska þeirra, árangri og vellíðan. Skólastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt og vekur áhuga á námi og þekkingaröflun. Námið er miðað við þarfir og getu hvers og eins og umburðarlyndi og víðsýni eru höfð að leiðarljósi.“

05 Menningarmál.

Áætlaður kostnaður við málaflokkinn er 58.7 m.kr. á næsta ári, en gert var ráð fyrir 56.1 m.kr. á árinu 2011.

Bæjarráð ákvað á fundi sínum 6.12.2011 sérstaklega að;

* heimila stöðugildi við héraðsskjalasafnið á árinu 2012.

* heimila aukin búnaðarkaup í bókasafn og héraðsskjalasafn.

* heimila aukin bókakaup frá fyrra ári.

* heimila færslu á lið um jólahald yfir í umhverfismál.

Í starfsáætlun kemur m.a. annars fram.

„Fjallabyggð stefnir að því að verða leiðandi aðili í menningarstarfi í sveitarfélaginu með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum.“

Menningarnefnd leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirtalda styrki en styrkur að upphæð 6.000.000 kr. til Síldarminjasafns Íslands var samþykktur á árinu til tveggja ára.

Einnig er lagt til að Síldarævintýrið fái 2.000.000 kr. á árinu 2012 þar sem hátíðin heppnaðist sérlega vel árið 2011.

Frekari umfjöllun um menningarstyrki fyrir árið 2012 er vísað í starfsáætlun.

06 Æskulýðs- og íþróttamál.

Gert er ráð fyrir framlagi 211.6 m.kr. á árinu en það var á árinu 2011, 214.1 m.kr..

Bæjarráð ákvað sérstaklega um 2,6 m.kr. styrk til Hestamannafélagsins Gnýfara vegna gatnagerðar- og byggingarleyfisgjalda.

Bæjarráð leggur einnig til við bæjarstjórn að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar breytist á þann hátt að hækkuð verði stök gjöld, en í stað verði umtalsverð lækkun á árskortum í sund sem mun nýtast íbúum Fjallabyggðar.

Árskort í sund fyrir börn í Fjallabyggð verða því á aðeins kr. 2.000.-.

Frekari útfærsla kemur fram í fundargerð bæjarráðs sem og í starfsáætlun málaflokksins sem unnin er af Gísla Rúnari Gylfasyni íþróttu og tómskundafulltrúa.

„ Lögð er fram tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir íþróttu- og tómskundamál..“

Nefndin setti upp fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn og tekið var mið af ramma ársins með frávikum. Um samþykktu styrki er vísað í starfsáætlun.

07 Brunamál og almannavarnir.

Framlag til málaflokksins er 34.4 m.kr. á árinu 2012. en var árinu 2011, 32.9 m.kr.

Áætlunin hækkar á milli ára vegna námskeiðshalds fyrir aðila sem taka að sér hjálparstörf á vegum almannavarnarnefndar.

08 Hreinlætismál.

Málaflokkurinn tekur til sín framlag að upphæð 15.4 m.kr. en voru á árinu 2011, 12.6 m.kr.

Hækkunin á milli ára er tilkomin vegna innri-leigu til eignasjóðs vegna gámasvæðis í Ólafsfirði. Vísast hér og í starfsáætlun Ármanns Viðars Sigurðssonar deildarstjóra tæknideildar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hundaleyfisgjöld taki breytingum frá og með

1.03.2012 og óskar eftir tillögum frá tæknideild bæjarfélagsins í janúar næstkomandi. Einnig leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að bæjarstjóra verði falið að ganga frá samningi við Íslenska gámafélagið og að sá samningur verði framlengdur á meðan verið er að byggja upp nýja gámamóttökustöð á Siglufirði og endurmeta þjónustuna við íbúa Fjallabyggðar.

09 Skipulags og byggingarmál.

Áætlaður kostnaður er 39.3 m.kr. en var 48.2 m.kr. á árinu 2011.

Um er að ræða mun minni vinnu við skipulag bæjarfélagsins sem og lægri launakostnað á milli ára. Vísast hér og í starfsáætlun deildarstjóra tæknideildar.

10 Umferðar og samgöngumál.

Gert er ráð fyrir 86.5 m.kr. en var 84.9 m.kr. á árinu 2011.

Vísast hér og í starfsáætlun deildarstjóra tæknideildar.

11 Umhverfismál.

Í umhverfismál er varið 41.7 m.kr., en voru 37.3 m.kr. á árinu 2011.

Vísast hér og í starfsáætlun deildarstjóra tæknideildar..

13 Atvinnumál.

Áætlað framlag er 13.4 m.kr., en voru 12.6 m.kr. á árinu 2011.

21 Sameiginlegur kostnaður.

Til sameiginlegs kostnaðar verður varið um 125.0 m.kr. á árinu 2012 en um er að ræða umtalsverða lækkun vegna starfslokasamninga sem voru til greiðslu á árinu 2011 en þá voru útgjöldin um 139.3 m.kr.

Vísast hér í starfsáætlun Ólafs Þórs Ólafssonar, skrifstofu- og fjármálastjóra.

28 Fjármagnsliðir.

Gert er ráð fyrir 149.5 m.kr. í fjármagnsliði og er um að ræða mikla lækkun á milli ára, en á árinu 2011 voru fjármagnsliðir um 164.2 m.kr.

Sjóðir í B-hluta.

41 Hafnasjóður.

Hafnasjóður skilar nú 85,4 m.kr. í tekjur og eru laun um 32.3 m.kr. en annar rekstrarkostnaður er samtals um 72.1 m.kr. Reksturinn stendur því vel og er jákvæður um 7.7 m.kr.

Ráðist verður í fjárfestingar fyrir um 21.3 m.kr. á árinu 2012.

Fram komu óskir um að hækka þyrfti gjaldskrá til samræmis við verðlagsbreytingar.

Tillagan var samþykkt af hafnarstjórn og bæjarráði.

61 Íbúðasjóður.

Skrifstofu- og fjármálastjóri tekur fram í starfsáætlun fyrir íbúðalánasjóð að félagsmálanefnd hafi tekið við hlutverki húsnæðisnefndar eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar.

Niðurgreiðslur félagslega íbúðakerfisins er fyrirferðamikill hluti af kostnaði félagsþjónustunnar og félagsmálanefnd hefur lagt áherslu á að sá kostnaður verði lækkaður á komandi ári.

Bæjarráð tók ákvörðun á fundi sínum 29.11.2011 um að húsaleiga ætti að fylgja verðlagsbreytingum á árinu og einnig hækkun á leigustofni um 100 kr/m² sem þýðir í raun að framlag málaflokks félagsmála til íbúðasjóðs verður lægra en gert var ráð fyrir í upphafi.

Útgjöld fyrir íbúðasjóð á árinu 2012 verða um 12.2. m.kr. en var um 12.8 m.kr. á árinu 2011.

65 Veitustofnun.

Heildarútgjöld verða um 31.6 m.kr., en voru á árinu 2011, 40.2 m.kr.

Dregið hefur verið úr umsvifum þjónustumiðstöðvar á árinu 2011.

Helstu forsendur sem teknar voru til skoðunar við yfirferð veitna voru þessar;

- Hækkun á gjaldskrá fylgi verðlagi.
- Sparnaður og lækkun rekstarkostnaðar – í samræmi við óskir.
- Að halda fjárfestingum í samræmi við gefin ramma.

65 – 20 Fráveita.

Holræsagjald verður óbreytt á milli ára eða 0.36%.

65 -30 Vatnsveita.

Lagt er til að vatnsskattur verði óbreyttur milli ára eða 0.35%.

Skuldastaða.

Skuldir Fjallabyggðar munu aukast á árinu 2012 um 50 m.kr. sem er ekki óeðlilegt þegar tekið er tillit til þess að fjárfestingar bæjarfélagsins verða um 295 m.kr.

Bæjarfélagið mun greiða niður lán um 100 m.kr. og taka lán sem nemur 150 m.kr. Á næsta ári þ.e. 2013 mun bæjarfélagið taka um 150 m.kr. að láni til viðbótar en greiða niður lán á því ári um 100 m.kr eins og fram hefur komið. Miðað er við að lántökur fari fram hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Rétt er að minna á að margt jákvætt hefur verið að gerast í okkar bæjarfélagi á árinu sem er að líða, enda var ráðist í miklar framkvæmdir fyrir um 150 m.kr. nettó á árinu.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur sameinast um að koma góðum málum í verk.

Rekstur bæjarfélagsins er í jafnvægi og er fjárhagsstaðan góð miðað við aðstæður eins og kemur fram í áætlun ársins og rekstri síðustu tveggja ára.

Komi fram ábendingar um útgjöld eða aðrar áherslur við umræðu hér á eftir er lagt til að þeim málum verði vísað til fundar bæjarráðs þann 13.12.2011 og síðan til afgreiðslu þann 14.12.2011 þ.e. fyrir aðra umræðu í bæjarstjórn.

Niðurlag.

Niðurstaða fjárhagsáætlunar við fyrri umræðu er að handbært fé frá rekstri verður í árslok 2011, 136.0 m.kr. og veltufé frá rekstri er yfir 10% og má því halda því fram að öll vinna við áætlunina hafi gengið eftir, en lítum betur á helstu niðurstöður í prósentum.

Skatttekjur verða	52.3 %
Framlag jöfnunarsjóðs verður	14.8%
Aðrar tekjur verða	33.0%
Laun og launatengd gjöld verða	52.9%
Annar rekstrarkostnaður verður	35.9%
Afskriftir verða	6.9%
Fjármagnsliðir nettó verða	3.6%
Veltufé frá rekstri verður	11.4% eða eins og lagt var upp með af bæjarráði.
Fjárfestingarhreyfingar verða	-17,5%

Heildareignir í þúsundum króna á hvern íbúa er nú um 1.764 og heildar skuldir á íbúa eru um 591 þús. kr. á hvern íbúa.

Veltufjárhlutfall samstæðunnar þ.e. fyrir A- og B-hluta er 1.15.

Eiginfjárhlutfall er 0.47 fyrir samstæðuna.

Fá sveitarfélög búa við slíkt rekstrarumhverfi.

Bæjarráð lagði þunga áherslu á að vernda grunnþjónustu bæjarbúa sem og að styðja við atvinnustarfsemi bæjarbúa með framkvæmdum á árinu 2012 og hefur þeim markmiðum verið náð.

Bærarstjóri vill hér í lokin þakka bærarfulltrúum Fjallabyggðar í bæjarráði fyrir gott samstarf við undirbúning á áætlun fyrir árið 2012.

Vinnan við áætlun ársins gekk vel og er rétt að áréttu þakkir til nefndarfólks bæjarfélagsins, deildarstjóra og sérstaklega skrifstofu- og fjármálastjóra fyrir góðan undirbúning og samvinnu við áætlunargerð ársins.

Samhugur, velvild og eindrægni með áherslur á velferð bæjarbúa einkenndu forsendur og niðurstöður bærarfulltrúa Fjallabyggðar í bæjarráði í erfiðu árferði.

Það er von mín og vissa að bærarstjórn Fjallabyggðar hafi það eitt að leiðarljósi að huga vel að umgjörð allra bæjarbúa á góðum sem og erfiðum tímum.

Að lokinni umræðu hér á eftir tel ég rétt að bærarstjórn vísi fjárhagsáætlun 2012 til síðari umræðu bærarstjórnar sem verður 14.12.2011 sem og áætlun bæjarfélagsins til næstu þriggja ára eins og lög gera ráð fyrir.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bærarstjóri.